

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## Fundargerð 3. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2009-2010 haldinn föstudaginn 16. apríl 2010 kl. 17:00 í Kiwanishúsinu, Engjateig 11, Reykjavík.

### Mættir:

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri, Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri, Hjördís Harðardóttir umdæmisritari, Atli Þórsson umdæmisféhirðir, Jakob Marinósson svæðisstjóri Eddusvæðis, Sigfús Jóhannesson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Jón Eiríksson svæðisstjóri Þórssvæðis, Sigurður Bjarnason svæðisstjóri Sögusvæðis, Arnar Ingólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Ástbjörn Egilsson formaður laga – og ályktananefndar Ragnar Örn Pétursson, ritstjóri KIF Kiwanisfrétta/upplýsinga- og / blaðafulltrúi, Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar, Guðmundur Oddgeir Indriðason formaður hjálmanefndar, Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs, Eypór Einarsson formaður umdæmispingnefndar, Hjálmar Hlöðversson formaður útbreiðslunefndar, Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar, Alfreð Styrkársson tengiliður við gagnagrunn KI, Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefnd/ Evrópuverkefni, Björn Baldvinsson formaður ferðanefndar, Guðmundur Baldvinsson tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra.

### Forföll:

Geir H. Guðmundsson kjörumdæmisstjóri, Ómar Hauksson erlendur ritari, Guðmundur Óli Ólafsson formaður tryggingarsjóðs, Guðmundur Skarphéðinsson svæðisstjóri Grettissvæðis.

### Gestir:

Vigfús Árnason verðandi umdæmisféhirðir, Finnbogi G. Kristjánsson fræðslunefnd og fyrrverandi umdæmisstjóri. Andrés Hjaltason fyrrverandi umdæmisstjóri, Aðalsteinn Aðalsteinsson fyrrverandi umdæmisstjóri.

## Dagskrá

### 1. Fundarsetning

Óskar Guðjónsson setti fundinn kl. 17:00 og bauð alla velkomna og sagði að fyrrverandi umdæmisstjórar hefðu verið boðaðir sérstaklega á fundinn. Síðan bað hann fólk um að standa upp og kynna sig.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## 2. Skýrsla umdæmisstjóra

Óskar sagði frá því að kjörumdæmisstjóra vera að hressast eftir erfið veikindi en Sæmundur H. Sæmundsson fyrrverandi umdæmisstjóri hefði tekið að sér að starfa sem kjörumdæmisstjóri tímabundið.

Umdæmisstjóri sagði frá þeim heimsóknum sem hann hefur farið í á starfsárinu og taldi að hann hefði heimsótt  $\frac{3}{4}$  allra klúbba og farið á svæðisráðstefnur í öllum svæðunum. Hann stefnir á að fara norður að heimsækja klubbanna þar. Óskar sagði líka frá því að haldnir hefðu verið 10 framkvæmdaráðsfundir á starfsárinu.

Því næst talaði umdæmisstjóri um fjölgunina í umdæminu og sagði að félagar væru tæplega 900 og von væri að fjölgun í mörgum klúbbum.

Vígsludagur Vörðunnar hefur ekki verið ákveðinn en mun væntanlega tengjast stórafmæli Keilis í haust. Unnið er að stofnum græðlingsklúbbs frá Helgafelli í Grafarholti.

Óskar kom inn á það að svæðaskiptingin hefði verið mikið rætt í klúbbunum og sagði hann að klúbbarnir hefðu lýst sig fylgjandi tillögu B.

Hann sagði að á þessum fundi yrði lögð fram tillaga að nýrri svæðaskiptingu og hljóti hún hljómgrunn verður hún kynnt á þingi í haust, en mun taka gildi á starfsárinu 2011-2012

Því næst minntist Óskar á hjálmana og K- daginn og þakkaði hann nefndunum fyrir vel unnin störf.

Umdæmisstjóri sagði að hann hefði farið til Þýskaland og setið þar fræðslufund í forföllum kjörumdæmisstjóra í janúarlok. Í febrúar hefði hann síðan setið fjölgunarráðstefnu ásamt því að fara á Evrópustjórnarfund í Póllandi.

Hann sagði frá því að öllum klúbbunum í umdæminu hefði verið sent bréf vegna tilnefningar til embættis kjörumdæmisstjóra og staðarval umdæmisþings. Eitt framboð er þegar komið en enginn þingstaðartillaga, mun framboðsfrestur renna út 60 dögum fyrir þing.

Óskar sagði frá því að þrjár tillögur að nýju Heimsverkefni hefðu borist heimsstjórn KI og verður tilkynnt um valið á heimspingi í júní. Þessar tillögur er

- 1) Malaria no More
- 2) Neglected Tropical Diseases
- 3) Maternal and Neonatal Tetanus

Í skýrslu umdæmisstjóra kom fram að styrktarsjóður umdæmisins hefði brugðist skjótt við beiðni Kiwanis International um styrk vegna jarðskjálftana á Hahiti og greitt \$2000 í sjóðinn.

Óskar og eiginkona hans Konný verða farastjórar í ferð 12 ungmenna frá Íslandi til Eistlands í sumar. Vinna og undirbúningur er þegar hafinn.

Undirbúningur umdæmisþingsins í Kópavogi er kominn vel á veg,

Að lokum sagði umdæmisstjóri frá því að honum hefði verið boðið að vera formaður kjörbréfanefndar á heimspingi í Genf árið 2011 og hefur honum einnig verið boðið að taka að sér formennsku í fjölgunarnefnd KIEF starfsárið

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

2010-2011. Þakkaði hann síðan öllu samstarfsfólki sínu ánægjulega samvinnu og góða viðkyrningu.

### 3. Skýrsla umdæmisritara

Hjördís sagði að samantekin á skýrslunum sem hún lagði fram væri fyrir tímabilið október, nóvember og desember. Hún sagði að skýrsluskil væru nokkuð góð á þessu tímabili því aðeins vantaði 6. skýrslur.

Umdæmisritari sagði jafnframt að ritara mættu taka meira tillit til skiladagsetningarinnar því skýrslurnar væru að berast allan mánuðinn. Raunfjöldgun félaga á þessu tímabili væri einn félagi og Kiwanisfélagar væru miðað við 31 desember 881.

Hjördís sagði að mætingarprósentan væri 78% hjá þeim klúbbum sem höfðu skilað henni skýrslum á þessu tímabili. Klúbbarnir hafa safnað í styrktarsjóði sína á þessu tímabili um 6.8 milljónir kr. og veitt um 7.2 milljónir kr. í hin ýmsu styrktarverkefni.

Að lokum sagði Hjördís að Kiwanisfélagar hafa unnið í 8.175 klst. og að við mættum vera stolt af því að vera Kiwanisfélagar.

### 4. Skýrsla umdæmisféhirðis

Atli Þórsson lagði fram sína skýrslu og sagði að frá því að hann tók við embætti hefði hann séð um innheimtu 60% innlendu gjaldanna og Kiwanisfrétta, skipulagningu á innheimtu erlendu gjaldanna og greiðslu reikninga.

Atli sagði ennfremur að allir klúbbar væru búnir að greiða innlendu gjöldin og gjaldið vegna Kiwanisfrétta.

Umdæmisféhirðir sagði frá því að reynt hefði verið að breyta fyrirkomulagi með greiðslu erlendu gjaldanna en það ekki verið hægt, ætlunin hefði verið að láta klúbbanna greiða inn á evru reikning herna heima og síðan hefði umdæmið ætlað að greiða í einu lagi til Belgíu.

Nú þurfa klúbbar að greiða beint inná reikning í Belgíu.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## 5. Skýrslur svæðisstjóra

### Eddusvæði – Jakob Marinósson

Sagði frá því að félagafjöldi í svæðinu hafa lítið breyst í vetur en sagði að það væri verið að vinna að fjölgun og vissi hann um menn í aðlögun í klúbbum. Jakob sagði frá því að tveir klúbbar í svæðinu eiga afmæli á næstunni, Höfði verður 20 ára í apríl og Þyrill verður 40 ára í maí. Jakob sagði frá heimsókn til Kötlu í febrúar og frá svæðisráðstefnu Eddusvæðis sem haldin var í mars á Akranesi. Þar var meðal annars Snjólfur Fanndal kosinn kjörsvæðisstjóri.

### Grettissvæði - Guðmundur Skarphéðinsson

Matthías G. Pétusson las skýrsluna í fjarveru Guðmundar en í henni kom fram að starfið í Grettissvæði hafa verið með hefbundnum hætti í vetur, fundir haldnir samkvæmt dagskrá og mæting í meðallagi. Svæðisráðsfundur var haldinn á Sauðárkróki í febrúar og mættu þangað 8 manns. Um kvöldið var síðan haldið þorablót hjá Drangey. Að lokum fór Guðmundur yfir starf klúbbanna í Grettissvæði og minnti á Síldarkvöld Skjaldar sem verður í lok apríl.

### Óðinssvæði – Sigfús Jóhannesson

Í skýrslu Sigfúsar kom fram að hann fyrsta verk á nýju ári hefði verið að halda svæðisráðstefnu á Akureyri, þar hefði mæting verið mjög góð. Umdæmisstjóri og umdæmisritari hefðu mætt á ráðstefnuna og rætt hin ýmsu Kiwanismál. Þar var ákveðið að halda áfram með sameiginlegt verkefni svæðisins, að kaupa vöknunartæki fyrir FSA að upphæð 2.000.000 kr. Sameignleg ferð klúbba í svæðinu til Færeyja verður að vori 2011. Sigfús sagði frá því að hann hefði á umdæmisstjórnarfundi í janúar afhent Gylfa formanni K – Dagsnefndar tillögu Óðinssvæðis um að hluti söfnunarinnar renni til Lautarninnar sem er dagvistun geðfatlaða á Akureyri.

Sigfús sagði frá heimsókn til Emblu og Kalbaks í mars og frá svæðisráðstefnu á Húsavík í apríl. Þar var kosið um kjörsvæðisstjóra og varð Sigurjón Pálsson úr Kaldbak fyrir valinu. Einnig var samþykkt að sameiginlegt styrktarverkefni yrði lækkað um helming eða 1.000.000 kr. og að framlag klúbba taki við að fjölda í klúbbi.

Sigfús sagði að hann hefði miklar áhyggjur af kostnaði fyrir þá félaga sem búa úti á landi hvort sem heim langar að heimsækja aðra klúbba eða starfa í umdæmisstjórn. Félagar þurfa að bera kostnaðinn sjálfir að mestu og þá væri alltaf erfiðara að fá fólk til starfa. Að lokum sagði hann að mæting í svæðinu í vetur væri um 78% og fjáraflanir um 2.000.000 kr, veittir styrkir um 3.700.000 kr og vinnustundir um 1.400.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## Sögusvæði – Sigurður Bjarnason

Sigurður sagði frá því að starfið í svæðinu hefði verið með ágætum í vetur. Í desember hefði mikið verið um fjáraflarnir hjá öllum klúbbunum og hefðu þær gengið vel. Sigurður fór yfir starfið í klúbbunum, haldnir hafa verið jólafundir, jólatréskemmtanir, þorablót, sviðaveislur og óvissufundur. Nokkuð hefur verið um heimsóknir á milli klúbba og í apríl var haldinn 100 manna fundur hjá Ölver þegar Setberg og Eldey komu í heimsókn. Sigurður sagði að klúbbarnir í svæðinu hefðu veitt styrki fyrir um 4.000.000 kr. Hann sagði síðan frá svæðisráðstefnu sem haldin var á Hornafirði í apríl, Hjördís umdæmisritari hefði mætt á þann fund og talað fyrir hönd umdæmisins, Emelía Dóra og Alfred úr K-Dagsnefnd hefðu frætt fundargesti um K – lykilinn og lagt fyrir könnun.

Á fundinum var kynntur kjörsvæðisstjóri 2011-2012 sem er Ágúst Magnússon frá Búfelli.

## Þórsvæði – Jón Eiríksson

Í skýrslu Jóns kom fram að haldinn hefði verið svæðisráðsfundur í janúar og hefði þar mikið verið rætt um tillögun um svæðaskiptingu. Skýrsluskil í svæðinu hefði verið með ágætum og þór ber á því að skýrslur frá Færeyjum berast ekki á réttum tíma. Jón sagði frá því að Hekla hefði veitt úr styrkarsjóði sínum 510.000 kr og Tórshavn 15.000 DKK á síðasta umdæmisstjórnarfund. Jón sagði líka frá því að hann og umdæmisstjóri ætli að skrifa færeysku klúbbunum bréf þar sem gert verður grein fyrir kostum og göllum þess að Færeyjar verði að sér svæðin innan umdæmisins.

Að lokum sagði Jón frá því að svæðisstjórn Þórsvæðis hefur ákveðið að fresta fyrirhugðum svæðisráðsfundi sem vera átti á Ísafirði þann 1. maí næstkomandi fram til haustins.

## Ægissvæði – Arnar Ingólfsson

Arnar sagði í skýrslu sinn að haldin hefði verið ein svæðisráðstefna frá síðasta umæmisstjórnarfund. Þar var tekin fyrir svokölluð SVÓT greining klúbbanna í Ægissvæði.

Gylfi formaður K-Dagsnefnar kom á ráðstefnuna og kynnti K- Daginn og skipti fundarmönnum í umræðuhópa.

Arnar sagði frá þeim heimsóknum sem hann hefði farið í og sagði að hann hefði líka heimsótt nýjasta klúbbinn í umdæminu, Vörðuna. Hann fræddi þær um uppbygginu Kiwanis bæði erlendis og hér á landi, tryggingarsjóðinn og Styrktarsjóð umdæmisins.

Arnar sagði að starfið í svæðinu gangi vel, fjáraflanir góðar og flestir klúbbar að bæta við sig félögum. Arnar sagði að ritarar mættu vanda sig betur með

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

gerð skýrslana, litlar upplýsingar komi þar fram. Aðeins einn klúbbur sendir með samantekt um starfið með skýrslunni og væri alltaf gaman að fá það með, mætti leggja meiri áherslu í ritarafræðslu að fleiri gerðu þetta. Arnar sagði að hann væri ekki ánægður með áhugaleysi umdæmisins á málefnum Vörðu, ekki hefur verið send til þeirra nein göng eða þeim boðin fræðsla. Umdæmið virðist ekki tilbúið til þess að stofna nýjan klúbb. Þær hafa fengið lítinn stuðning frá embættismönnum umdæmisins, hvor sem það er Fjölgunar og útbreiðslunefnd eða Kvennanefnd sem hefur ekki verið í neinu samband við þær síðan á kynningarfundum í október. Þær hafa ekki verið á póstlista umdæmisins og meira mætti telja upp. Arnar sagði að margar ástæður gætu verið fyrir þessu andvaraleysi og þetta yrði að laga.

Aftur á móti sagði Arnar að Keilifélagar hefðu veitt þeim mikinn stuðning og hafa þær óskað eftir því að Keilir verði móðurklúbbur þeirra og hefur það verið samþykkt af Keili. Hann sagði að lokum frá því að Vörðufélagar hefðu í mars tekið þátt í sínum fyrsta styrktarverkefni og haldið veislu fyrir börn á Barnaspítala Hringsins.

## 6. Umræður um skýrslur umdæmisstjórnarmanna

**Ástbjörn** tók fyrstur til máls og sagði hann að það væri ósættanlegt af svæðisstjóra Þórsvæðis að fella niður svæðisráðstefnu sem vera átti 1. maí á Ísafirði frekar hefði átt að halda þennan fund hérna fyrir sunnan.

**Hjálmar** tók næstur til máls og sagði að hann hefði viljað að svæðisstjóri Ægissvæðis hefði haft sambandi sig og látið sig vita af Vörðufélögum.

**Jón svæðisstjóri Þórsvæðis** svaraði Ástbírni og sagði að það væri ekki búið að ákveða endanlega að fella svæðisráðsfundinn niður, fundur verður fljótlega hjá stjórn svæðisins og þá verði ákvörðun tekin.

**Óskar umdæmisstjóri** svaraði gagnrýni Arnars svæðisstjóra Ægissvæðis varðandi Vörðu og sagði að það væri svo langt síðan að klúbbur hefi verið stofnaður að fólk vissi ekki alveg hvernig ætti að fara að þessu og auðvitað þarf að kortleggja þetta ferli til þess að við stöndum rétt að þessu.

## 7. Skýrslur nefndarformanna

### Internetnefnd – Tómas Sveinsson formaður

Sagði í skýrslu sinni að menn væru aðeins að taka við sér í netmálum bæði með umbætur og uppsetningu á nýjum heimasíðum. En það gengur heldur rólega að fá menn til að setja upp heimasíður í umsýslukerfinu. Nú er búið að setja upp RSS fíðus á vefsvæðið þar sem klúbbafréttir birtast á kiwanis.is líka þegar þeim er hlaðið inn á klúbbasíðurnar. Tómas sagði líka frá því að búið væri að setja tengil inn á veftréð sem vísar beint á gagnagrunn félagatala umdæmisins. Verið er að vinna að því að setja upp svæði á heimasíðunni fyrir skoðannakannanir .

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

Tómas sagði líka að hann vildi endilega að Kiwanisfélagar tækju meiri þátt í spjallinu og hvatti menn til að skoða heimasíðu sem hann er með en þar er spjallið á forsíðu, [www.56model.com](http://www.56model.com).

Að lokum sagði Tómas að menn þurfi að bretta upp hendur varðandi að senda inn fréttir á heimasíðuna, sama fólkið sendir inn fréttir frá sínum klúbbum og mættu miklu fleiri senda inn fréttir þetta væri fjölmennasti og vinsælasti fréttamiðill í veröldinni. Alltaf er verið að tala um að auglýsa hreyfinguna betur og það er ekki hægt að gera það á skilvirkari og ódýrari máta en að nota heimasíðuna, [kiwanis.is](http://kiwanis.is).

## **Styrktarsjóður Kiwanis – Björn Ágúst Sigurjónsson formaður**

Björn sagði frá því í skýrslu sinni að stjórn Styrktarsjóðsins ákvað í janúar að leggja fram 250.000 kr. í styrk vegna hamfaranna á Haítí. Peningarnir voru lagðir inn á reikning KIF í Evrópu. Reiknað er með að þessi fjármunir fari til uppbyggingar á Haítí og jafnvel að peningar frá Evrópu fari í það að reisa íbúðarhús en kostnaður við byggingu á íbúðarhúsi er um 5000\$.

Björn sagði frá þeim hugmyndum þeirra í Styrktarsjóðnum að gefa út minningarkort sem allir klúbbar hefðu þá til sölu. Ætlar stjórn sjóðsins að skoða þetta mál betur.

Varðandi samskipti við alþjóðasjóðinn sagði Björn Ágúst að það hefði verið rætt um að koma af stað verkefni sem styddi við sjóðinn og gengi á hverju ári. Verkefni eins og „skip a meel“. Sem gengur út að það að klúbbfélagar sleppa að borða á einum fundi og leggja til þá fjármuni í sjóðinn, þetta mætti kanna betur.

Að lokum sagði hann frá því að sala á stjórnnum og merkjum hefur verið mjög góð frá áramótum.

## **K- Dagsnefnd – Gylfi Ingvarson formaður**

Gylfi sagði frá því að starf nefndarinnar hefði farið vaxandi en markmið hennar er í fyrstu að virkja Kiwanisféлага í undirbúningi og var sent bréf til forseta klúbba þar sem óskað var eftir tilnefningu tengiliða við K- dagsnefndina.

Einnig var sent bréf til svæðisstjóra og farið fram á að þeir verði einnig tengiliðir við nefndina. Nefndin ákvað líka að fara á allar svæðisráðstefnur og leggja fyrir fundargesti könnun. Síðan mun nefndin vinna úr svarblöðunum og verða niðurstöður kynntar Kiwanisfélögum.

Gylfi sagði að hann hefði sent Dómsmálaráðuneytinu formlega beiðni um að fá að vera með fjáröflun og hefur svar borist og leyfið veitt fyrir dagana 10-14 maí 2011.

Bréf var sent til forseta Íslands þar sem leitað var eftir því að hann verði verndari söfnunarinnar og að forsetafrúin komi líka að verkefninu.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

Gylfi sagði að stefnt væri að því að Færeyjar komi að þessu verkefni og það sem safnast þar fari til styrktar geðverndarmálum þar. Jafnvel að fá Lögmann Færeyja til þess að vera verndara verkefnisins þar ef þeir verða með.

K- dagsnefndin hefur samþykkt tillögu um að hafa nýtt útlit á K- lyklinum og er stefnt að lykilinn komi til landsins í upphafi árs 2011. Lykilinn verður nú venjulegur húslykill sem fólk getur farið með og látið skera.

Gylfi sagði frá því að nefndin ætli að láta útbúa kynningarbækling og leggja fyrir styrktaraðila, eins á að kynna verkefnið í Kiwanisfréttum, heimasíðunni, á fésbókinni og senda kynningarform til fjölmiðla.

Framundan sagði Gylfi að væri gerð fjárhagsáætlunar og það þarf að finna einhverja sem tilbúnir eru að styrkja verkefnið.

Gylfi sagði að nefndin hefði óskað eftir því við klúbbanna að þeir skili inn tillögum um styrktarverkefni og væri komin ein ábending frá Óðinssvæði.

Að lokum sagði hann að markmið nefndarinnar væri að ná hámarks árangri með lágmarks tilkostnaði.

## Ritstjóri Kiwanisfréttu – Ragnar Örn Pétursson

Ragnar Örn sagði að 2 tbl. muni koma út um miðjan maí og væru greinar að berast honum þessa dagana og hvatti fundargesti til að senda sér efni og myndir.

## Fræðslunefnd – Sæmundur H. Sæmundsson

Í skýrslunni kom fram að nefndin hefur farið í nokkrar heimsóknir á svæðisfundi og einnig unnið að undirbúningi að fræðslu fyrir embættismenn næsta starfsárs. Fræðsla verðandi embættismanna fer fram laugardaginn 17. apríl og mun standa yfir allan daginn frá kl.08:00 til kl. 17:00 þá verður gert hlé til kl. 19:30 en þá snæða allir kvöldverð sem sátu fræðsluna.

Að lokum sagði Sæmundur frá því að hann vonaðist til að sjá sem flesta á umdæmisþinginu í haust þar sem haldinn verður stór sameiginlegur fræðslufundur eins og á síðasta þingi þar sem það mæltist mjög vel fyrir.

## Hjálmanefnd – Guðmundur Oddgeir

Var ekki með skriflega skýrslu en sagði að hann hefði verið á fundi með Eimskip fyrir daginn. Þar hefði komið fram að hjálmarnir koma seinna til landsins en áætlað var þar sem pöntunin var gerð of seint af Eimskip. Oddgeir sagði að ef allt gengur upp þá ættu hjálmarnir að koma til landsins í byrjun júní.

## Fjárhagsnefnd – Arnór L. Pálsson formaður

Arnór lagði fram og fór yfir fjárhagsáætlun umdæmisstjórnar 2010-2011



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## Ferðanefnd – Björn Baldursson formaður

Lagði ekki fram skriflega skýrslu en sagði að ferðin til Ítalíu á Evrópuþingið hefði verið mjög erfið í framkvæmd út af stöðu krónunnar.

Í upphafi þegar ferðin var kynnt á umdæmisþingi í haust hefðu 100 manns skráð sig en í dag væru 23 á listanum. Ferðin kostar nú 2375 Euro á mann. Það þurfti að draga út rútuferðum til þess að ná niður kostnaði en þó væri einn kostur að hótelið er við hliðina á hótelinu þar sem galaballið verður og í göngufæri við annað í tengslum við þingið .

## Útbreiðslu og fjölgunarnefnd – Hjálmar Hlökkversson formaður

Lagði ekki fram skýrslu en sagði að hann að Kiwanis vantaði einhverja gulrót, hann hefði staðið fyrir kynningarfundum og dreift bréfum en enginn hefði mætt.

## Þingnefnd – Eypór Einarsson formaður

Lagði fram sína skýrslu og samkvæmt henni er allt að verða tilbúið fyrir þingið 2011. Búið er að panta allt húsnæði fyrir þingið og galakvöldið, auk þess er búið að panta gististaði. Búið er að senda klúbbum gögn fyrir þingið, það er kjörbréf ásamt upplýsingum um þinghaldið og gististaði.

Í Salnum í Kópavogi verður fræðslan og þingið

Hádegismatur á föstudag og laugardag verður í Safnaðarheimili

Kópavogskirkju. Þingsetning verður í Kópavogskirkju og hefst kl 20:00

Síðan verður opin hús á föstudagskvöldið í Safnaðarheimili kirkjunnar, boðið

verður upp á veitingar og skemmtiatriði. Galakvöldið verður síðan haldið í

íþróttahúsinu Smáranum. Búið er að taka frá gistingu á Hótel Hafnarfirði,

Hótel Smára og Gistiheimilinu Borgarholtsbraut.

Skýrslur embættismanna verða eins og síðast í Kiwanisfréttum.

## 8. Umræður um skýrslur nefndarformanna:

**Alfred** tók fyrstur til máls og sagði að í raun mætti leggja hans embætti niður sem er tengiliður v. gagnagrunn KI og færa það yfir á umdæmisritara sem hefði hvort sem er yfirumsjón með félagatalinu. Nú eiga flestir ritara að hafa fengið aðgang að félagatalinu á netinu. Alfred sagði að hann ætlar að skrifa pistil í Kiwanisfréttir um hvernig á að nota gagnagrunninn. Hann sagði einnig að hann væri til í að koma á fundi hjá klúbbum og kynna félagatalið og notkun þess.

**Hjálmar** stakk upp á því að börnunum yrði sendur inneignarmiði á hjálm með tilkynningunni um seinkunn.

**Gylfi** tók næstur til máls og sagði að það væri þýðingarmikið að setja tilkynningar í bæjarblöðin þar sem fram komi að hjálmarnir komi en þeim seinki bara. Eins að senda tilkynningar í skólanna.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

**Ragnar Örn** sagði að það þyrfti að búa til stefnu á þessum fundi varðandi hjálmannanna í sambandi við tilkynningu á seinkun þeirra og fá jafnvel Eimskip til þess að borga auglýsingu.

Ragnar Örn talaði því næst um þingsetninguna og sagði að það þyrfti að skipulegga vel tímenn, gera þyrfti ráð fyrir því að farið sé með erlenda gesti út að borða og þaðan beint í þingsetninguna.

Því næst talaði Ragnar Örn um fjölgun og sagði að það þyrfti að virkja alla saman til að vinna að þessu málefni eins og kjörforseta, kjörsvæðisstjóra og kjörumæmisstjóra. Hann sagði að það væri ekki hægt að ætlast til þess að tveir til þrjár aðilar gætu haldið utan um svona stórt verkefni einir það verður að vera hópur í þessu. Fjölgunarnefnd gæti síðan farið á svæðisráðstefnur og fjallað þar um fjölgun. Eins sagði Ragnar Örn að nú þyrfti að fara að huga að nýrri stefnumótun umdæmisins. Að lokun sagði hann að í núverandi stefnumótun umdæmisins kemur fram að kjör, kjörumdæmisstjóri eigi að sitja í framkvæmdaráði en ekki í lögum umdæmisins, þetta þarf að samræma.

**Björn Ágúst** sagði frá því að Styrktarsjóður væri tilbúinn til þess að borga fyrir hálfriðu auglýsingu í Fréttablaðinu um að hjálmannir verði seinna á ferðinni í ár.

**Óskar** tók næstur til máls og sagðist lítast vel á þessa hugmynd frá Styrktarsjóði um að setja auglýsingu í Fréttablaðið.

**Hjálmar** kom næstur í pontu og sagði að eftir fund með K-dagsnefnd í mars hefði hann þantað viðtal við Pál útvarpsstjóra RÚV og sagt honum frá K-lykilinum og sagði að Páli hefði litist vel á þetta verkefni en vildi frá skýrslu frá Kiwanis um málið.

**Alfred** sagði að hann vildi hafa fengið fræðslu um mætingarútreikning þegar hann varð ritari, en á fundinum lágu fyrir reglur um mætingarútreikninga klúbba.

**Gylfi** svaraði Hjálmari og sagði að það væri frábært að komast í sjónvarpið, það myndi gera Kiwanis sýnilegra en athuga þyrfti kostnaðinn vel áður en þetta þarf að sjálfsgöðu að skoða.

**Tómas** tók næstur til máls og sagði að hann hefði afhent Jón Óskar sem er að stofna græðlingsklúbb frá Helgafelli, lista með nöfnum fyrrverandi Helgafellsfélaga sem fluttir væru upp á land og sagði að það þarf að grípa menn fljótlega eftir flutninga áður en þeir fara í annað félagsskap.

## 9. Mál frá umdæmisstjóra

**Óskar** lagði fram reglugerð um mætingarviðurkenningar og sagði að hann ætlaði að leggja reglugerðina fyrir umdæmisþing í haust.

Varðandi svæðaskiptinguna nýju þá mun umdæmisstjórn verða kölluð saman fljótlega á fund og taka ákvörðun um það. Óskar sagði að fjárhagsáætlunin fyrir árið 2010-2011 verður lög fram á þingi og mun hún einnig vera send klúbbum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

**Alfred Styrkársson, Jón Eiríksson og Ástbjörn Egilsson yfirgáfu fundinn**

## 10. Milliuppgjör

**Atli umdæmisféhirðir** lagði fram og las upp reikninga umdæmisins vegna 5 mánuði ársins og sagði að staðan væri góð og allt innan áætlunarinnar reyndar vanti inn kostnað vegna ferðar umdæmisstjóra og kjörumdæmisstjóra á evrópu og heimsping í sumar.

## 11. Önnur mál

**Sigfús** tók fyrstur til máls og sagði að þetta væri ekki góður fundartími að hafa umdæmisstjórnarfund á föstudegi kl. 17:00, hann sagði að menn ættu að sitja út fundinn. Sigfús sagði að honum fyndist að fræðsla embættismanna ætti bara að vera í tengslum við þingið því það væri svo dýrt fyrir klúbba úti á landi að senda sína fulltrúa í fræðslu til Reykjavíkur, bæði að vori og svo aftur í tengslum við þingið.

Annars lýsti Sigfús ánægð sinni með fundinn og þakkaði hann umdæmisstjóra fyrir alla þá aðstoð sem hann hefi veitt honum í vetur.

Hann sagði líka að honum litist mjög vel á tillöguna um nýja svæðisskiptingu því með henni mun bætast tveir klúbbar í hans svæði.

Að lokum sagðist Sigfús fagna því að kona gæfi nú kost á sér í embætti umdæmisstjóra og sagði að það væri tími til kominn.

**Óskar umdæmisstjóri** svaraði Sigfúsi varðandi fundartíma og sagði að hann hefði þurft að breyta tímanum yfir á föstudag vegna fræðslufundarins og þetta yrði eflaust ekki svona aftur.

**Matthías** tók næstur til máls og svaraði Sigfúsi og sagði að það þyrfti að hafa fræðslu að vori, þetta væri mikið starf að vera forseti eða svæðisstjóri og fólk þarf tíma til þess að hefja undirbúning.

**Björn Ágúst** kom næstur upp og sagði að það væri slæmt að hjálmarnir komi svona seint í ár þetta væri árlegt verkefni og það verður að passa að þetta komi ekki fyrir aftur.

**Sæmundur** bað næstur um orðið og svaraði Sigfúsi varðandi fræðslu embættismanna og sagði að síðustu ár hefðu verðandi embættismenn alltaf komið tvisar í fræðslu. Fyrir einhverjum árum hefði fimmtudagurinn fyrir þing verið tekinn í fræðslu. Embættismennirnir verðandi verði að byrja að undirbúa sig fyrir komandi starfsár strax að vori það er of seint að byrja undirbúning að hausti.

Á þingi verður síðan fræðsla fyrir ritara og forseta og þá verða allir saman eins og var á síðasta þingi og þótti takast mjög vel.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

Með því að hafa kjörforseta og kjörsvæðisstjóra saman í fræðslu þá myndast kynni á milli fólks og þá næst betri árangur, fræðslan endar svo á því að öllum verður boðið á veitingarhús í miðbæ Reykjavíkur.

**Björn Baldursson** tók næstur til máls og sagði að sér hefði alltaf fundist hátíðlegar stundir hérna á árum áður þegar voru stjórnarskipti í umdæminu þá var bikar fylltur af viskíi látinn ganga á milli manna og þá hristust menn saman nú væri þetta bara kjötsúpufundur.

**Óskar** sagði að umdæmisstjórar fráfarandi og verðandi skiptast á að drekka viskí úr bikar á stjórnarskiptunum og einhverjir fleiri líka eins og síðast þegar fulltrúi okkar í heimsstjórn tók þátt líka.

**Jakob** kom næstur upp í pontu og sagði að sér þætti þetta góður fundur og sagði að hann væri sammála því að fræðslan væri að vori. Hann sagði líka frá því að hann væri með hugmynd að verkefni sem Kiwanihreyfinginn gæti styrkt en Höfði styrkti geðverndarverkefni nýlega en styrktaraðilar sem áður hefðu styrkt þetta verkefni hefðu hætt því vegna niðurskurðar. Verkefnið snýst um það að skólarnir halda forvarnarnámskeið fyrir krakkanna og foreldra þeirra. Jakob sagði þetta mjög verðugt verkefni hann hefði verið djúp snortinn á þessu námskeiði sem hann sat með syni sínum.

**Óskar umdæmisstjóri** tók næstur til máls og þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 20:55.

*Hjördís Harðardóttir*  
umdæmisritari 2009-2010

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbærliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*